



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

# Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

**Dags: 28.10. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:00-9:30.**

**Mættir:** Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir, Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Magnús Jónsson, Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted (fjarverandi)

Dagskrá:

## 1. Málefni líðandi stundar

Skólaráð ræddi málefni líðandi stundar og opinn fund um samskipti og viðbrögð við einelti í Hraunvallaskóla sem haldinn var miðvikudaginn 26. október síðastliðinn. Rætt var um ábendingar sem komu fram á fundinum sem sneru m.a. að síma- og snjalltækjareglum skólans. Skólaráð var sammála um að fylgja þeirri ábendingu eftir. Einnig að kynna þyrfti BRÚNNA betur fyrir foreldrum.

## 2. Umfjöllun um starfsáætlun 2022-2023

Skólastjóri kynnti starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2022-2023 og skólaráð staðfesti umfjöllun sína áður en starfsáætlunin verður send til staðfestingar í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

## 3. Umfjöllun um skólanámskrá 2022-2023

Skólastjóri kynnti skólanámskrá (nám og kennsla) fyrir skólaárið 2022-2023 og skólaráð staðfesti umfjöllun sína áður en skólanámskráin verður send til staðfestingar í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

## 4. Umfjöllun um viðmiðunarstundaskrá 2022-2023

Skólastjóri kynnti breytingar á viðmiðunarstundaskrá skólans og skólaráð staðfesti umfjöllun sína áður en viðmiðunarstundaskráin verður send til staðfestingar í fræðsluráði Hafnarfjarðar.

## 5. Foreldrasamstarf

Bekkjartenglafundurinn 11. október gekk vel og bekkjartenglastarfið er farið af stað í mörgum árgöngum. Einnig gengur vel að manna foreldraröltið. Rætt var um hvernig við getum fengið foreldra meira í skólann utan sérstakra viðburða.

## 6. Önnur mál

- Fulltrúi foreldra spurði hvort hægt væri að bjóða unglingum upp á hafragraut í fyrri frímínútum. Skólastjóri mun taka málið upp á skólastjórafundi.

*Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland*